

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 62/2019

2020/EES/44/17

frá 29. mars 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,  
staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/721 frá 16. maí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið svínaprólaktín með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/722 frá 16. maí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til að flokka efnið eprínómektín með tilliti til hámarksgildis leifa <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðum er bætt við 13. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32018 R 0721:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/721 frá 16. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 5),
- **32018 R 0722:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/722 frá 16. maí 2018 (Stjttíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 8).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2018/721 og (ESB) nr. 2018/722, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 8.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Claude Maerten***

formaður.